

3. gr.

Við 12. gr. reglugerðarinnar bætist nýr liður, svohljóðandi:
d. Stjórn Bifreiðastjórufélagsins Frami getur heimilað leyfishöfum að láta aka fyrir sig á orlofstíma, þó eigi lengur en allt að 4 vikum árlega.

4. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 40 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 1. júlí 1963.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Aðalsteins Baldurssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. júlí 1963. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Aðalsteins Baldurssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Aðalsteins Baldurssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af ekkju Aðalsteins, frú Önnu Sigmundsdóttur, Brekkugötu 10 á Akureyri, föður hans, Baldri Árnasyni vélstjóra á Húsavík og frændum og vinum hins látna, en hann var vélstjóri á v/b Maí TH 194 frá Húsavík, sem fórst 21. október 1959 með áhöfn.

Var Aðalsteinn ungur fjölskyldumaður, vinsæll og vel metinn.

3. gr.

Sjóðurinn skal rekinn í tengslum við björgunarsveit S.V.F.Í. á Tjörnesi, en hún ber nafn Aðalsteins. Skal tilgangur sjóðsins vera að styrkja ekkjur og börn druknaðra sjómanna úr Þingeyjarsýslum, þar sem þörf er brýnust að dómi sjóðstjórnar.

4. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera ágóði af sölu minningarspjalda, áheit og gjafir.

5. gr.

Stjórn björgunarsveitarinnar á Tjörnesi skal tilnefna menn í stjórn sjóðsins og endurskoðendur.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.